

**Sp.**

**86. Tillaga til þingsályktunar**

[78. mál]

um smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að láta nú þegar hefja allan nauðsynlegan undirbúning að smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þannig að hönnun brúarinnar liggi fyrir og framkvæmdir við brúargerðina geti hafist strax og aðalframkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna er lokið.

**G r e i n a r g e r ð .**

Þrjú sjávarþorp eru á suðurströndinni, Þorlákshöfn vestan Ölfusár, en Eyrarbakki og Stokkseyri austan ár. Þorlákshöfn var til skamms tíma lítil og opin fyrir haföldunni, en er nú komin í allgott horf og öryggi skipa í höfninni allt annað og betra en var.

Útgerð hefur verið stunduð um mjög langan tíma frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þrátt fyrir erfið hafnarskilyrði. Með kröfum um meiri sókn, lengri róðra, meiri og fjölbreyttari veiðarfæri og bættan aðbúnað og vinnuskilyrði stækkuðu bátarnir og þeir minni urðu síður samkeppnisfærir. Þar með dugðu ekki lengur hafnirnar í Eyrarbakka og Stokkseyri, svo fiskibátar þeirra landa nú og hafa gert um langt skeið nær öllum afla sínum í Þorlákshöfn og aflanum og afurðunum ekið á milli — vegalengdin fram og til baka er á annað hundrað km.

Með tilkomu skuttogaranna var unnt að reka fiskiðnaðinn eins og verksmiðju- iðnað — hráefnið berst jafnt til vinnslustöðvanna allt árið um kring, skapar betri og öruggari rekstrarmöguleika og jafnari og tryggari vinnu fiskvinnslufólks. Þessi þróun hefur orðið í nær öllum verstöðvum landsins, en hefur ekki náð til þorpanna austan Ölfusár, þau eru nú orðin hafnlaus í nútímaskilningi.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes mundi tengja saman þorpin báðum megin ár og skapa auk þess mikla möguleika fyrir alla byggðina í vesturhluta Árnassýslu neðanverðri.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes losaði að mestu leyti þorpin austan ár undan niðurdrepandi oki hafnleysisins — kæmi í stað tveggja hafna, að svo miklu leyti sem það er unnt án hafnargerða.

Þessi brú yrði ekki aðeins samgöngubót í þeim venjulega skilningi, þegar um almennar brúargerðir er rætt, heldur auk þess gegna allt öðru og mikilvægara hlutverki, eins og nokkuð hefur verið dregið á hér að framan, og er þá ekki allt talið.

Tímabundið atvinnuleysi hefur ríkt í þessum þorpum báðum, einkum á Eyrarbakka — og miklir erfiðleikar steðja þar að fiskvinnslunni af fyrrgreindum ástæðum.

Brýna nauðsyn ber til að tryggja aukið og jafnara hráefni til þessara sjávarþorpa — þar bíða vinnufúsar hendur eftir að fá tækifæri til að sækja sjávaraflla og vinna hann, eins og þar hefur verið gert um aldir. Mesta nauðsynjamál þessara þorpa og þessa svæðis alls er að fá þessa brú; þess vegna er þessi tillaga flutt og þess vegna verður barist fyrir framgangi þessa máls þar til sigur vinnst.

Að lokum má geta þess, í tengslum við þá umræðu, sem farið hefur fram vegna mikillar hættu á stórum jarðskjálftum á Suðurlandi, að núverandi brú yfir Ölfusá er á einu mesta hættusvæðinu, en ekki eru heimildir um skjálfta þar sem gert er ráð fyrir að hin nýja og mikilvæga brú risi.